

159
13. júlí

AUGLÝSING

um sölu orlofsmerkja og afhendingu orlofsbóka.

Frá 1. ágúst 1943 verða orlofsmerki til sölu í öllum póstafrgreiðslum landsins. Frá 26. júlí 1943 verða orlofsbækur afhentar ókeypis í póstafrgreiðslum í öllum kaupstöðum, og í öðrum póstafrgreiðslum landsins hefst afhending þeirra í síðustu viku júlímánaðar.

Bráðabirgðaákvæði í reglugerð frá 19. maí 1943, um orlof, fellur úr gildi 1. ágúst 1943.

Frá sama tíma skal orlofsfé greitt með orlofsmerkjum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júlí 1943.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

160
14. júlí

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Gullbringusýslu.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálmunar sé fyrir umferð.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr sölubúða eða samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur og vegi sýslunnar, hvort heldur er gangandi, riðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum fararkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi vegarins svo nærri götubrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, svo sem nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða, ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjar reglu, ónáða vegfarendur eða þá, sem í nágrenninu búa.

5. gr.

Bannað er að hafast að óþörfu nokkuð það að, sem raskar næturro manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða aðhafast nokkuð það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.